

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 191/1953. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Urbain Laplasse (Lárus Fjeldsted).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstarétta.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýri-mannaskólans markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða samkvæmt hornamælingum varðskipsmanna kl. 13.45 hinn 12. nóvember 1953. Reyndist staðurinn vera 0.9—1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Urbain Laplasse, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 13. nóv. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Urbain Laplasse, skipstjóra á belgiska botnvörpu-skipinu Henriette, O. 236, frá Ostende, til heimilis í Ostende í Belgíu, með ákæruskjali, út gefnu af dómsmálaráðuneytinu í dag, fyrir meint brot á 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum fimmtudaginn 12. þ. m. SA af Ingólfshöfða innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í nefndri reglugerð, nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins. Af hálfu ákærvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. grein reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og enn fremur til upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt heimildum sömu lagagreina. Svo er þess og krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Urbain Laplasse, er fæddur 25/12 1914 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina:

Fimmtudaginn 12. nóvember 1953 var varðskipið María Júlía á eftirlitsferð vestur með landi austan við Ingólfshöfða. Kl. 12.24 sást togari grunsamlega nærri landi, og var haldið að honum með fullri ferð. Kl. 12.37 var gefið stöðvunarmerki og skotið lausu skoti, og staðnæmdist togarinn þá samstundis. Kl. 12.40 var varðskipið komið að togaranum, sem reyndist vera Henriette, O. 236, er ákærði er skipstjóri á. Togarinn var að toga með stjórnborðsvörpu úti, og dró hann nú upp vörpuna, en í henni var nokkuð af fiski („cirka poki“).

Strax og komið var að togaranum, var sett út dufl utan til við hann. Vegna snjókomu og dimmviðris var þá ekki hægt að gera mælingar með sextant, en samkvæmt ratsjá skipsins var Ingólfshöfði í 3.8 sjóm. fjarlægð, og eftir áttavita miðaðist hann í 290° réttvís-andi. Dýpi var 60 metrar.

Var nú skipstjóri togarans sóttur og honum skýrt frá, að hann væri að veiðum innan við fiskveiðitakmörkin, og sýndur staður skipsins. Talið var, að hann væri ca. 0.8 sjómílu innan takmarkanna. Ákærða var boðið að mæla stað skipsins með ratsjanni, en hann vildi það ekki og kvaðst óvanur mælingum með ratsjá og sextant. Var ákærði því næst fluttur aftur út í skip sitt og honum sagt að fylgjast með varðskipinu til Vestmannaeyja og vörður settur um borð í skipið. Var nú beðið um stund við duflið, enda var að létta til. Kl. 13.45 var orðið vel bjart til lands, og var þá við duflið gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði

> 43° 59'

Salthöfði

> 34° 30'

Rákartindur

Dýpi 55 metrar. Gefur þetta stað duflsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna.

Hornamælingarnar framkvæmdu skipherra varðskipsins og I. stýrimaður með tveim sextöntum samtímis.

Var því næst haldið til Vestmannaeyja kl. 14.05. Veður var N 3, snjócoma fyrst og síðan skýjað, sjór SV 3.

Skipherra og I. stýrimaður hafa staðfest þessa skýrslu sína fyrir dómi og unnið eið að henni.

Ákærði hefur fyrir dómi kannast við, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðskipið kom að skipi hans og setti út duflið. Ekki hefur ákærði skýlaust viðurkennt mælingar varðskipsins og játað að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hins vegar hefur hann ekki heldur neitað því, en kveðst ekki vita það með vissu.

Ákærði hafði aðeins gamalt kort, en þar var ekki dregin lína, sem sýnir fiskveiðitakmörkin samkvæmt reglugerð nr. 21/1952, heldur gömlu þriggja mílna línuna. Kveður ákærði sig samkvæmt athugunum sínum hafa örugglega talið sig utan þeirrar línu, en kveðst ekki vita glögg, hvar fiskveiðitakmörkin skv. reglugerð 21/1952 séu sett.

Ákærði hefur játað að hafa verið að botnvörpuveiðum á þeim stað, sem dufl varðskipsins hafi verið sett út. Samkvæmt mælingum skipherra og I. stýrimanns varðskipsins, sem þeir hafa báðir staðfest fyrir dómi með eiði, er staður þessi 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum hinn 12. nóvember 1953 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna á skipi sínu, Henriette, O. 236, suðaustur af Ingólfshöfða. Hefur hann því brotið 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsast honum samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingarbréfi togarans er brúttórúmllestastærð togarans 154.45, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, dagsettu í dag, er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í Landhelgisgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Henriette, O. 236, þar

með taldir dragstrengir, skulu upptæk ger, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Urbain Laplasse, greiði 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Henriette, O. 236, eru ger upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 181/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason)

gegn

Hólmjárn J. Hólmjárn (Lárus Jóhannesson)
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Skaðabætur vegna afnáms embættis.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst hann *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og hvor málsaðilja látinn bera kostnað sinn af málinu.